



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 23. nóvember 2006

Efni: Frumvarp um breytingu á upplýsingalögum. 296. mál, endurnotkun opinberra upplýsinga, EES- reglur.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál.

Með frumvarpinu er annars vegar verið að skýra núgildandi ákvæði upplýsingalaga frekar og færa þau til samræmis við ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/98/EB svo og að lögleiða nýmæli um endurnotkun opinberra upplýsinga sem ætlað er að auðvelda aðgang og notkun einkaaðila á upplýsingum sem liggja fyrir hjá stjórnvöldum, í öðrum tilgangi en þegar þeirra var aflað af hálfu stjórnvalda.

Lögleiðing tilskipunarinnar svo og sú stefna íslenskra stjórnvalda um að ganga lengra en tilskipunin og þrengja gjaldtökuheimildir af upplýsingum úr opinberum skrár opnar möguleika á nýjum atvinnutækifærum með sköpun nýrra verðmæta með vinnslu slíkra upplýsinga. Þá mun einnig ákvæði frumvarpsins um að stjórnvöld skuli birta á heimasíðu sinni lista yfir þær skrár sem hafa að geyma upplýsingar í þeirra vörslum sem heimilt er að endurnota auðvelda aðgang einkaaðila að viðkomandi upplýsingum. Er þetta til þess fallið að efla og styrkja íslenskt atvinnulíf og eru SA því hlynnt lögleiðingu frumvarpsins.

Fram kemur í V. kafla athugasemda frumvarpsins að telji stjórnvald gjaldtöku við aðgang að upplýsingum vera nauðsynlega megi gjaldið að hámarki nema kostnaðinum við að framreiða, afrita eða deifa upplýsingunum auk hóflegra afskrifta. Almennt skuli því ekki taka gjald fyrir söfnun eða framleiðslu gagna sem safnað er í opinberum tilgangi af stjórnvöldum. Þá segir í frumvarpinu að þessi stefnumótun birtist í 3. og 4. gr. frumvarpsins, sbr. 3. og 4. mgr. 12. gr. og 6. og 7. gr. 27. gr. upplýsingalaga. Engin þessara tilvitnuðu greina endurtekur þó beinlínis ofangreint orðalag sem að væri þó til þess fallið að eyða óvissu um þetta atriði. Mælast samtökin til að kveðið verði skýrar á um gjaldtökuna í frumvarpinu.

Verði frumvarpið að lögum mun vonandi gjaldtaka hins opinbera lækka verulega frá því sem nú er, s.s fyrir vottorð Fyrirtækjaskrár, upplýsingar úr Ökutækjaskrá og



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

sýslumannsembætta vegna upplýsinga úr þinglýsingabókum sem allt eru upplýsingar sem liggja fyrir á rafrænu formi.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is

